

Ár 2013, fimmtudaginn 2. maí, kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Skólahreysti frá apríl 2013.

Í bréfinu er óskað eftir styrk frá Hveragerðisbæ að upphæð kr. 50.000.- til að standa straum af kostnaði vegna verkefnisins Skólahreysti 2013.

Bæjarráð samþykkir erindið.

1.2. Friðarhlaupinu ódagsett.

Í bréfinu er kynnt Friðarhlaupið sem fram fer daganna 20. júní til 12. júlí 2013. Samhliða Friðarhlaupinu verður verkefnið „leggjum rækt við frið“ þar sem bæjarfélög gróðursetja tré sem er tileinkað friði. Friðarhlaupið verður í Hveragerði þann 22. júní.

Lagt fram til kynningar.

1.3. Orlofi húsmæðra frá 21. apríl 2013.

Með bréfinu fylgdi skýrsla og ársreikningur orlofs húsmæðra frá árinu 2012, ásamt reikningi fyrir framlagi Hveragerðisbæjar fyrir árið 2013 kr. 229.421,-

Bæjarráð ítrekar fyrri bókanir sínar vegna þessa máls og lýsir enn og aftur furðu sinni á þeirri tregðu löggjafarvaldsins að afnema lög um húsmæðraorlof sem að flestra mati eru fullkomlega úr takt við nútímann og ekki síður á skjön við gildandi lög um jafnrétti kynjanna.

1.4. Nirði Sigurðssyni frá 20. apríl 2013.

Í bréfinu hvetur Njörður Hveragerðisbæ til að setja upp hjólreiðastand við strætóstop pistöðina við Shell.

Bæjarráð þakkar bréfitara ábendinguna og felur umhverfisfulltrúa að skoða mögulegar útfærslur á hjólreiðastöndum á þessum stað. Ennfremur felur bæjaráð umhverfisfulltrúa að kanna hvort núverandi biðskýli við Grænumörk og Laufskóga séu í notkun og ef svo er ekki hvort mögulegt sé að færa þau niður að strætóstop pistöðinni við Shell.

1.5. **Ferðamálasamtökum Hveragerðis frá 16. apríl 2013.**

Í bréfinu er Hveragerðisbæ boðið stofnaðild að ferðamálasamtökum Hveragerðis sem eru samtök ferðaþjónustuaðila í Hveragerði.

Bæjarráð fagnar frumkvæði ferðaþjónustuaðila í Hveragerði og samþykkir að gerast stofnaðili í samtökunum með aðild sundlaugarinnar í Laugaskarði og Hveragarðsins í huga. Menningar- og frístundafulltrúi verði tengiliður bæjarstjórnar við samtökin.

1.6. **Ástu Camillu Gylfadóttur frá 21. apríl 2013.**

Í bréfinu óskar Ásta Camilla eftir rökstuðningi vegna ráðningar umhverfisfulltrúa hjá Hveragerðisbæ.

Bæjarstjóra falið að svara erindinu í samvinnu við Capacent.

1.7. **Sævari Þór Helgasyni frá 22. apríl 2013.**

Í bréfinu óskar Sævar Þór eftir rökstuðningi vegna ráðningar skólastjóra við Grunnskólann í Hveragerði.

Bæjarstjóra falið að svara erindinu í samvinnu við Capacent.

2. **Tæknileg málefni:**

2.1. **Framkvæmdasjóður ferðamannastaða – samningur um styrk frá 8. október 2013.**

Lagður fram samningur við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða um styrk til hönnunar og framkvæmda við gönguleið í Reykjadal í Ölfusi. Bæjarstjóri hefur undirritað samninginn með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Bæjarráð samþykkir samninginn.

2.2. **Svar Kristjáns Einarssonar v/ fyrirspurnar um kaup slökkvistöðvar frá 29. apríl 2013.**

Lagt fram svar frá Kristjáni Einarssyni slökkviliðsstjóra Brunavarna Árnessýslu vegna fyrirspurnar bæjarráðs um kaupamál slökkvistöðvar.

Lagt fram til kynningar.

3. **Fjárhagsleg málefni:**

3.1. **Beiðni um viðauka við fjárhagsáætlun vegna fæðispeninga íþróttamannvirkja.**

Lögð fram beiðni frá íþróttamannvirkjum um viðauka við fjárhagsáætlun vegna fæðispeninga sem skv.kjarasamningi ber að greiða.

Bæjarráð samþykkir að launaliðir íþróttamannvirkja hækki um

1.523.000,- . Liðurinn 21-01-9980 lækki um tilsvarendi upphæð.

3.2. Beiðni um viðauka við fjárhagsáætlun vegna almannavarnarnefndar.

Lögð fram beiðni frá skrifstofustjóra um viðauka við fjárhagsáætlun vegna Almannavarnarnefndar.

Bæjarráð samþykkir að framlag til almannavarnarnefndar hækki um 566.000,- . Liðurinn 21-01-9990 lækki um tilsvarendi upphæð.

4. Verkfundargerð:

4.1. Frárennislagnir Laugaskarði, göngustígur Breiðamörk frá 22. apríl 2013.

Fundargerðin samþykkt.

5. Fundargerðir til kynningar:

5.1. SASS frá 26. apríl 2013.

5.2. Almannavarnarnefnd Árnessýslu frá 26. apríl 2013.

5.3. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 19. apríl 2013.

6. Framtíðarsýn og möguleikar, umræður.

Rætt um framtíðarsýn og möguleika í Hveragerði. Á fundinn mætti Þórður Freyr Sigurðsson ráðgjafi hjá SASS.

Samþykkt að halda umræðum áfram á næsta fundi bæjarráðs.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:50

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir , (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)